

**Sþ.**

**46. Tillaga til þingsályktunar**

[44. mál]

um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa frumvarp til laga um leigu og sölu íbúðarhúsnæðis og leggja það fyrir Alþingi. Í frumvarpinu skal kveðið á um hámark leigu, sem heimta má fyrir útleigt íbúðarhúsnæði. Jafnframt skal skipulag fasteignasölu í landinu tekið til athugunar og að því stefnt í ákvæðum frumvarpsins að stemma stigu við hömlulausum hækkunum verðlags á íbúðarhúsnæði.

**Greinargerð.**

Hér á landi eru nú engin lagaákvæði um hámark húsaleigu. Á fáum sviðum viðskiptalífsins er ríkjandi svo gífurlegur munur á verðlagi sem í húsaleigumálum. Oft er munurinn jafnvel þrefaldur, þótt um sé að ræða húsnæði af svipaðri stærð og gerð, og á þetta einkum við um höfuðborgarsvæðið. Það er óviðunandi með öllu, að þúsundir fjölskyldna séu fórnarlömb ósanngjarnra leigusamninga, og virðist eðlilegt, að hámark leyfilegrar húsaleigu verði tengt sannvirði hins leigða húsnæðis, t. d. með því að miða við opinbert fasteignamat eða brunabótamat. Jafnframt kemur til álita, að sérstök húsaleigunefnd fjalli um viðskipti leigjenda og leigusala húsnæðis og skeri úr hugsanlegum ágreiningi þeirra í milli.

Talið er, að verð á íbúðarhúsnæði í Reykjavík hafi hækkað um 50—60% á aðeins einu ári. Á sama tíma og reynt er að koma í veg fyrir hækkun verðlags, svo sem framast er unnt, eru engar hömlur lagðar á verðhækkanir íbúðarhúsnæðis, þótt ljóst megi verða, að verðlag á húsnæði snertir lífsafkomu almennings meir en flest annað.

Finna þarf leiðir til að stemma stigu við hömlulausum hækkunum verðlags á íbúðarhúsnæði, og jafnframt er eðlilegt, að núverandi skipulag fasteignasölu sé gaumgæfilega rannsakað með það fyrir augum, að ráðstafanir verði gerðar til að tryggja kaupendum og seljendum íbúða fullkomna og áreiðanlega þjónustu á sanngjörnu verði.